

## Máttur Málsins

Máttur málsins er áætlun í markvissri málörvun. Áætlun þessi var þróunarverkefni sem hófst árið 2011 á Leikskólanum Velli og stóð til ársins 2014. Síðan þá hefur þessi áætlun verið í notkun á leikskólanum og gefist vel. Ástæðan fyrir gerð þessa þróunarverkefnis var vegna mikillar þarfar fyrir markvissa málörvun á leikskólanum sem og það voru mörg börn greind þar með málþroskavanda og fjöltyngi var einnig mikið á þessum tíma. Fyrir árið 2011 hafði farið fram orðaforðakennsla á Velli í umsjón Ragnhildar Ólafsdóttur (leikskóla- og grunnskólakennari) sem var leikskólustýra Vallar á þeim tíma. Árið 2011 hóf Katrín Ruth Þorgeirsdóttir þroskaþjálfari störf á Velli og fór að skoða þessi mál tengt málörvun. Í kjölfarið hófst gerð að þróunarverkefni á Velli sem fékk síðar nafnið Máttur Málsins þ.e. áætlunargerð og leiðir í markvissri málörvun barna á leikskólaaldri. Katrín fékk að nýta orðaforðakennsluna, sem hafði verið gerð á Velli áður en hún kom til starfa, í áætlunina. Hún bætti við hana, setti inn hljóðainnlögn og þjálfun á hugtakaskilning. Áætlunina setti hún upp á einfaldan og hnitmiðaðan hátt og tóku kennarar leikskólans fullan þátt í eftirfylgni hennar og gera enn. Hver og einn kennari fær í hendurnar sínar eigin möppu/áætlun sem er ætluð sem þeirra vinnumappa til að fylgja eftir. Í möppunni er plan skólaársins, áætlunin sjálf, hjálparblöð tengt hugtakaskilning og orðaforðakennslu.

Markmið þessarar áætlunar er m.a. að:

- Efla orðaforða og hugtakaskilning
- Efla hlustunarskilning, einbeitningu og eftirtekt
- Efla frumkvæði og frásagnarhæfni
- Fara eftir munnlegum fyrirmælum

Áætlunin er sett upp eftir lotum Hjallastefnunnar og þar koma fram lotulyklar hverjar lotu. Ásamt þessum 6 lotum Hjallastefnunnar er sérstök vor og sumarlotu og upprifjunarlotu. Hver lota er í rúman mánuð. Efnið er aldursskipt þ.e. fyrir 2-3 ára, 3-4 ára, 4-5 ára og 5-6 ára. Lögð er áhersla á stærðfræði- og stafakennslu fyrir 5-6 ára börn og er námskrá Hjallastefnunnar þar fylgt eftir í viðbót við þá þætti sem eru tilgreindir í Mætti Málsins (tengt orðaforða og hugtakaskilning). Markviss hljóðakennsla er hjá börnum 2-5 ára. Þar er verið að leggja inn hljóð stafanna. Eitt hljóð er á viku. Hvað orðaforðakennsluna varðar er stuðst við orðaforðapemu í Mætti Málsins. Unnið er með hvert hugtak 3 vikur í senn og fylgja allir nemendur Vallar því eftir. Börn á yngri deildum

fara í grunn orðaforða en eftir því sem barnið er eldra því dýpri verður orðaforðinn sem æfður er. Yfirhugtökin sem um ræðir eru:

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ég</li> <li>• Líkami og hreyfing</li> <li>• Litir</li> <li>• Fatnaður</li> <li>• Tölur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tími og veðurfar</li> <li>• Form</li> <li>• Matur</li> <li>• Umhverfi inni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umhverfi úti</li> <li>• Dýr</li> <li>• Farartæki</li> <li>• Vorið og sumarið</li> </ul>
--	--	--

Hugtökin eru unnin í leik og starfi með markvissri innlögn. Sem dæmi má nefna að þegar unnið er með yfirhugtakið „Líkaminn“ er lagt upp með að nemandinn læri staðsetningu og heiti líkamshluta sbr. andlit, höfuð, hendur, búkurinn, magi, bringa, axlir, fætur o.s.frv. Þyngri orðaforði er notaður fyrir eldri börn. Í vinnu með þetta hugtak er einnig stuðlað að andlegri-og líkamlegri vellíðan barna sem og að þjálfu fín-og grófhreyfingar. Fyrir hvert hugtak eru gefnar upp hugmyndir að framkvæmd sem kennarar geta nýtt sér og útfært einnig á frjálstan hátt. Einnig eru gefnar hugmyndir að leikjum og söngvum sem tengjast hverju yfirhugtaki fyrir sig. Orðaforðatré svokallað er búið til fyrir hvert hugtak og hengur það uppi við tilkynningatöflu í þann tíma sem verið er að vinna með það. Fyrir hvert orð sem kennt er eða rætt er um er búið til laufblað sem annað hvort er teiknað á tré eða klippt út og límt á tréð. Þeim mun fleiri laufblöð því betri og meiri er orðaforðinn sem börnin eru að læra. Trén eru unnin í samvinnu leikskóla og foreldra. Í Mætti Málsins er einnig unnið að þjálfu hugtakaskilning fyrir börn eldri en 3 ára. Misjafnt er eftir aldri hverskonar hugtakaskilningur er æfður. Þegar talað er um hugtakaskilning er átt við rím, afstöðuhugtök, setningarmyndun, fornöfn, fleirtölu/eintölu o.s.frv. Ýmis ítarefni eru notuð við framfylgni áætlunarinnar og má þar nefna ýmis spil, Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin, ýmiss verkefni og leikir. Þess má geta að kennsluáferðin „Leikur að læra“ passar vel við Mátt Málsins og hentar afar vel að kenna margt í gegnum leikinn úr áætluninni.

Ef einhverjar frekari upplýsingar vantar þá má hafa samband við undirritaða

Með fyrirfram þökk og vinsemd

***Katrín Ruth Þorgeirsdóttir***

Yfirproskabjálfi og sérkennslustjóri á Leikskólanum Velli, Rnb.